

# Auglýsing

## um fólkvang í Glerárdal, Akureyrarkaupstað

### TILLAGA

#### 1. gr.

##### *Um friðlýsinguna*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að tillögu bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að friðlýsa hluta Glerárdals sem fólkvang í samræmi við 55. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Glerárdalur er mótaður af jöklum og einkennist berggrunnurinn af 10 milljón ára gömlum basalhraunlögum. Nálægð við forna megineldstöð veldur því að berggerðir eru fjölbreyttar á svæðinu auk þess sem steingerðar plöntuleifar, surtarbrandur og kísilrunninn trjáviður finnast á svæðinu. Gróðurfar í Glerárdal er frekar fjölbreytt, bæði hvað varðar tegundir og gróðurlendi, en mólendi og votlendi setja svip sinn á dalinn.

Stærð fólkvangsins er 7.440 hektarar.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995).

#### 2. gr.

##### *Markmið friðlýsingarinnar*

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari, og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar- og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

#### 3. gr.

##### *Mörk fólkvangsins*

Mörk fólkvangsins fylgja sveitarfélagsmörkum Akureyrarkaupstaðar eftir fjallstindum dalsins til austurs, suðurs og vesturs. Afmörkun fólkvangsins til norðurs, austan Glerár, eru frá sveitarfélagsmörkum í afréttargirðingu neðan Súlumýra og liggja mörkin með afréttargirðingu að Glerárgili. Mökin liggja svo með brún Glerárgils niður að Réttarhvammi, yfir ána og vestan Glerár upp með brún gilsins að Sellæk. Þaðan liggja mörkin austan við fyrirhugaða lögn og lón vatnsaflsvirkjunar sem gert er ráð fyrir á Glerárdal. Sunnan lónsins liggja mörkin upp Heimara-Ilлагil og þaðan eftir mörkum fjarsvæðis vatnsverndar Glerárdalsbóls.

Mörkin afmarkast af ISN-93 hnitapunktum og eru sýnd á meðfylgjandi hnitatöflu og uppdrætti í fylgiskjali.

#### 4. gr.

##### *Umsjón með fólkvanginum*

Akureyrarkaupstaður ber kostnað af stofnun og rekstri fólkvangsins sbr. 56. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun skal gera samning um daglegan rekstur, umsjón og eftirlit við Akureyrarkaupstað sem umhverfis- og auðlindaráðherra staðfestir. Í samningnum skal meðal annars kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, reglulegt eftirlit og fræðslu.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir fólkvanginn í samráði við Akureyrarkaupstað, sbr. d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

#### 5. gr.

##### *Umferð um fólkvanginn*

Almenningi er heimil för um svæðið enda sé góðrar umgengni gætt.

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega innan marka fólkvangsins. Heimilt er þó að aka vélknúnum ökutækjum á snævi þakinni og frosinni jörð svo fremi sem ekki skapist hætta á náttúruspjöllum sbr. reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands, nr. 528/2005. Hvað varðar aðrar undanþáguheimildir er fram koma í reglugerðinni skal leita leyfis Umhverfisstofnunar.

Umferð hesta er heimil á stikuðum leiðum eða stígum. Heimilt er að nota hross við smölun. Óheimilt er að fara með rekstur hesta um fólkvanginn.

#### 6. gr.

##### *Verndun gróðurs, dýralífs og jarðmyndana*

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi og gáleysi innan marka fólkvangsins. Viðhalda skal náttúrulegu gróðurfari og við uppgræðslu skal tryggt að ekki sé raskað líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu. Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan fólkvangsins, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka fólkvangsins, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Uppræta skal eftir fremsta megni framandi tegundir, svo sem alaskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*), skógarkerfil (*Anthriscus sylvestris*) og spánarkerfil (*Myrrhis odorata*).

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum.

#### 7. gr.

##### *Landnotkun og mannvirkjagerð*

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi, innan fólkvangsins eru háðar leyfi bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og í samræmi við verndar- og stjórnunaráætlun, mun framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga, gerð áningarstaða og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Sjálfbær sauðfjárbeit er heimil innan fólkvangsins. Heimilt er að takmarka sauðfjárbeit á Glerárdal reynist hún ekki sjálfbær.

Losun jarðefna, sorps og úrgangs er óheimil innan fólkvangsins.

Ekki er heimilt að leggja nýjar háspennulínur innan fólkvangsins nema í jörð og í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun.

8. gr.

*Notkun skotvopna*

Meðferð skotvopna er bönnuð innan fólkvangsins. Umhverfisstofnun, í samráði við Akureyrarkaupstað, er þó heimilt að veita leyfi til veiða á ref, mink og öðrum villtum dýrum, í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Veiðarnar skulu ætíð vera í samræmi við verndar- og stjórnunaráætlun fólkvangsins.

9. gr.

*Refsiákvæði*

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

10. gr.

*Gildistaka*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti XX.XX 2014*

# Fylgiskjal

## Hnitatafla

Pkt	X-hnit	Y-hnit	Pkt	X-hnit	Y-hnit
1	536965.500	567490.060	65	539353.595	572710.084
2	534042.880	562114.560	66	539048.300	572701.236
3	529876.500	568017.690	67	538260.976	572986.874
4	531641.440	571502.380	68	538047.919	573032.949
5	531545.630	571210.190	69	538041.159	573484.376
6	531423.000	571036.000	70	538117.906	573676.290
7	531330.000	570830.310	71	538129.277	573798.871
8	531144.440	570597.060	72	538217.316	573900.086
9	530897.000	570498.380	73	538306.244	573932.008
10	530592.380	570202.380	74	538429.143	574071.897
11	530472.880	570125.130	75	538498.170	574063.329
12	530339.500	570090.880	76	538502.592	573858.027
13	530094.440	569747.440	77	538530.211	573863.375
14	529974.380	569492.060	78	538595.194	574013.598
15	530039.250	569133.750	79	538643.371	574258.841
16	530190.500	568928.810	80	538816.560	574438.492
17	530175.690	568863.250	81	538931.909	574847.985
18	529976.560	568683.940	82	539107.543	575065.322
19	529889.690	568513.560	83	539180.806	575059.645
20	529852.190	568293.630	84	539315.997	575172.920
21	529970.880	567226.130	85	539442.491	575137.697
22	530249.250	566779.440	86	539556.652	575158.350
23	530406.440	566362.190	87	539663.925	575237.061
24	530369.750	565769.440	88	539790.923	575245.358
25	530381.630	565424.310	89	539813.995	575339.560
26	530319.500	565311.750	90	539920.945	575508.127
27	530150.130	565184.500	91	539897.243	575617.252
28	529855.560	565043.810	92	539925.346	575719.051
29	529559.500	564697.000	93	539889.310	575742.872
30	529497.380	564663.440	94	539777.051	575573.009
31	529064.060	564799.310	95	539799.635	575487.643
32	528420.630	564810.810	96	539764.340	575437.945
33	528276.130	564589.250	97	539772.541	575364.186
34	528252.310	564159.750	98	539629.550	575343.590
35	528295.440	563836.630	99	539433.138	575234.732
36	528255.630	563545.190	100	539379.464	575237.750
37	528267.440	563435.750	101	539323.939	575295.724
38	528463.440	563038.750	102	539054.496	575188.743
39	528453.190	562636.810	103	538757.605	574901.706
40	528349.880	562347.380	104	538724.287	574706.657
41	528256.000	562196.750	105	538571.193	574567.527
42	528606.250	562285.190	106	538414.673	574299.607
43	529127.940	562338.630	107	537747.798	573869.646
44	529502.750	562246.130	108	537579.899	573443.988
45	529884.130	562215.500	109	537309.226	573023.724
46	530570.000	562080.560	110	537245.844	572876.618
47	531371.000	562045.560	111	536793.491	572318.060
48	531947.940	561932.630	112	536703.501	572265.766
49	532826.380	561839.630	113	536379.207	571297.766
50	533636.630	561950.380	114	536367.422	571206.029
51	534282.810	562251.500	115	536411.309	571174.936
52	534707.500	562775.380	116	536286.139	571012.172
53	535395.250	563430.880	117	536062.729	571025.127
54	535901.880	564185.250	118	535913.553	571166.033
55	536013.690	564620.000	119	535690.354	571256.908
56	536097.440	565199.190	120	535344.678	571284.609
57	536279.380	565714.250	121	535223.190	571347.077
58	536378.190	566107.380	122	535060.170	571494.625
59	537187.690	568097.440	123	534953.809	571529.287
60	537269.130	568236.940	124	533604.512	571453.182
61	539217.500	570173.630	125	532744.910	571878.712
62	540719.963	571022.580	126	532343.380	571808.190
63	540416.845	571897.348	127	532191.940	571846.060
64	540115.596	572218.661	128	531956.310	571960.630

